



Formannafundur

3. formannafundur HSV starfsárið 2017-2018, 30.04.2018. Haldinn í Vestrahúsi.

Mætt voru: Hjalti Karlsson Vestri aðalstjórn, Salmar Már Salmarsson Herði, Marinó Hákonarson Hendingu, Harpa Björnsdóttir Ívari, Veiga Grétarsdóttir Sæfara, Sigmundur F. Þórðarson Höfrungi, Margrét Jónmundsdóttir Höfrungi, Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður HSV og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri HSV sem ritaði fundargerð.

Harpa Grímsdóttir blakdeild Vestra, Ingi Björn Guðnason Körfuknatleiksdeild Vestra, Svavar Þór Guðmundsson knattspyrnudeild Vestra, Steinunn Einarsdóttir Gretti og Svava Rán Valgeirsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Farið yfir gögn vegna héraðspings HSV 2018
Ársreikningur, fjárhagsáætlun og tillögur stjórnar HSV lagt fram til kynningar.
2. Styrkur frá Skaginn 3X
Minnt á að umsóknarfrestur fyrir styrk úr sjóði Skagans3x er til 1. maí. Þegar hafa 5 umsóknir borist.
3. Starfsmerkjatilnefningar fyrir ársþing
Stjórn HSV hefur sent tölvupóst til aðildarféлага þar sem óskað er eftir tilnefningum til starfsmerkja HSV. Á fundinum var þessi ósk ítrekuð.
4. Formannaskipti og stjórnarkjör
Guðný Stefanía hyggst ekki gefa kost á sér sem formaður HSV og mun ganga úr stjórn. Karl Ásgeirsson og Páll Janus Þórðarson ganga úr stjórn, Karl gefur kost á sér til áframhaldandi setu en Páll Janus mun hætta. Óskað var eftir góðu fólki til forystustarfa fyrir sambandið.
5. Önnur mál
 - a) Hjalti Karlsson ræðir um aðstöðu barna í íþróttahúsinu á Torfnesi. Þar þurfa börn stundum að bíða um stund, til dæmis eftir frístundarútu, næsta tíma eða eftir að vera sótt. Eina aðstaðan innandyra til þess er í skógeymslu hússins. Fundarmenn eru sammála að koma þurfi upp betri aðstöðu fyrir börnin í húsinu. Hjalti og Vestri taka að sér að senda erindi til Ísafjarðarbæjar um málið
 - b) Harpa Björnsdóttir formaður Ívars spyr um svör við ályktun aðalfundar Ívars um aðgengi að íþróttahúsinu á Austurvegi. Framkvæmdastjóri HSV mun skoða málið og leita eftir svörum.

Fundi slitið kl.19:35